

60
12. sept.

Vegna þessa eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnar-
skrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Stjórnartíðindi 1952, A. 7.

61
28. okt.

AUGLÝSING

um samning um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands,
Noregs og Svíþjóðar.

Hinn 20. febrúar 1952 var undirritaður í Reykjavík fyrir Íslands hönd samn-
ingur um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.
Samningurinn gekk í gildi 1. marz 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. október 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Símastjórnirnar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa, sam-
kvæmt umboð því, sem þeim er veitt, gert með sér eftirfarandi samning um fjar-
skipti milli nefndra landa.

I. KAFLI

Ákvæði um ritsímaviðskiptin.

61

28. okt.

1. gr.

Gildi almennra alþjóðákvæða.

Ritsímaviðskiptum skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um fjarskipti og ritsímareglugerðar, er þar að lýtur, að því undanteknu, sem getið er um í 2. og 4. gr. hér á eftir og í fylgiskjölum þessa samnings, sem nefnd eru í 22. gr.

2. gr.

Eftir- og áframsending skeyta.

1. Skeyti, sem afhent eru til sendingar í Danmörku (ásamt Færeyjum), Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð eða send eru frá dönsku, finnsku, íslenzku, norsku eða sænsku skipi um strandarstöð einhvers þessara landa, má eftir- eða áframsenda einu sinni gjaldlaust innan eða milli þessara landa, að því tilskildu, að skeytið haldi þó upphaflegum forgangsrétti sínum og fari ekki um önnur lönd en þau, sem nú voru nefnd.

2. Ef þess er óskað, þegar skeyti er eftir- eða áframsent svo sem greinir í 1. lið, að skeytið sé sent með æðri forgangsrétti en upphaflega, skal gjaldið vera aðeins það, sem mismun símgjaldanna nemur, vegna breytingar á forgangsréttinum.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um símapóstávisanir, þó að fjárhæð ávisanarinnar sé breytt í mynt þess lands, er þá tekur við henni.

3. gr.

Umsending innanlandsskeyta, er linur bila.

Þegar ritsímalínur slitna eða bila verulega í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, má senda innlend skeyti eins landsins um ritsímalínur hinna landanna, án þess að greiða umsendingargjald.

4. gr.

Umsending símskeyta milli skandinavísku landanna.

Við umsendingu símskeyta milli tveggja hinna þriggja skandinavísku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð) um þriðja landið, skal greiða umsendingarlandinu þóknun, sem nemur 1,5 centimi fyrir hvert gjaldskylt orð. Þóknunin er innheimt í og greidd af landinu, sem símskeytið er upprunalega sent frá.

II. KAFLI

Ákvæði um Telexviðskiptin.

5. gr.

Afgreiðsla.

1. Telexviðskipti mega fara milli notenda, sem eru tengdir við telexstöðvar í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

2. Telexfjarritun (Telexskrivning) er komið á, að svo miklu leyti sem tækni- búnaður leyfir, á þann hátt, að afgreiðsluplássið við útlönd í upprunalandinu velur beint umbeðinn notanda í viðtökulandinu, án þess að afgreiðsluplássið við útlönd í viðtökulandinu taki þátt í að koma sambandinu á eða skrásetji varðandi telexfjarritunina.

- 61 3. Umbeðnum telexfjarritunum skal komið á í þeirri röð, sem beiðnirnar
28. okt. berast. Þegar sérstaklega stendur á geta þó afgreiðsluplássin við útlönd í hlutað-
eigandi löndum komið sér saman um frávik frá þessari reglu.

6. gr.

Gjöld.

Gjaldið fyrir telexfjarritun er eins og helmingur af gjaldi fyrir símtal sömu tímalengdar, á sama tíma dags milli sömu staða.

7. gr.

Gjöld fyrir telexfjarritun samtímis til margra viðtakenda.

Gjaldið fyrir telexfjarritun samtímis til margra viðtakenda er samsett af:

- Grunngjaldi fyrir hverja gjaldeiningu, sem miðast við gjaldið fyrir telexfjarritun við þá viðtökustöð í hverju landi sem fjærst er;
- 0,60 gullfranka gjaldi fyrir hverja gjaldeiningu fyrir hverja viðtökustöð, þó ekki þá, sem fjærst er, og
- viðbótargjaldi, 0,40 gullfrankar fyrir hverja viðtökustöð óháð tímalengd telexfjarritunarinnar.

8. gr.

Umsending telexfjarritanna milli skandinavisku landanna í línubilunum eða ofhleðslu á samböndunum.

Þegar telexfjarritanir milli tveggja hinna þriggja skandinavisku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð), vegna línuslita eða ofhleðslu á hinum beinu samböndum milli þessara tveggja landa, eru með undantekningu afgreiddar um þriðja landið, skal greiða umsendingarlandinu þóknun sem nemur 0,20 gullfrönskum á hverja gjaldeiningu. Þóknunin greiðist að jöfnu af uppruna- og viðtökulandinu.

9. gr.

Reikningsskil.

Reikningsskil vegna telexviðskipta fara eftir sömu reglu og gildir fyrir tal-símaviðskipti.

III. KAFLI

Ákvæði um talsímaviðskiptin.

10. gr.

Gildi almennra alþjóðaákvæða.

Símtölum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um alþjóðafjarskipti og talsímareglugerðar, er þar að lýtur, svo og reglum þeim, er hin alþjóðlega ráðgjafarnefnd í tal-tímamálum mælir með og viðurkenndar eru af símastjórnnum þeim, er hlut eiga að máli, með þeim viðbótum og endurtekningum, sem getið er um í 11.—17. gr. hér á eftir og í fylgiskjöllum þessa samnings, sem nefnd eru í 22. gr.

Varðandi talsímaviðskiptin milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Íslands hins vegar, gilda sérákvæði þau, er um getur í sérstökum fylgiskjöllum þessa samnings.

11. gr.

Gjaldsvæðaskipting.

61

28. okt.

1. Með tilliti til ákvörðunar á talsímagjöldum fyrir símtöl milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er löndunum skipt í gjaldsvæði sem hér segir:

DANMÖRK

Danmörk er aðeins eitt gjaldsvæði.

FINNLAND

Gjaldsvæði A nær yfir talsímastöðvarnar á Álandseyjum, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði B nær yfir talsímastöðvar á meginlandi Finnlands, sunnan 62° norðlægrar breiddar og vestan 26° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði C nær yfir talsímastöðvar sunnan 62° norðlægrar breiddar og austan 20° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði D nær yfir talsímastöðvar milli 62° og 64° 30' norðlægrar breiddar, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði E nær yfir talsímastöðvar norðan 64° 30' norðlægrar breiddar, ásamt kerfum þeirra.

NOREGUR

Gjaldsvæði A nær yfir talsímastöðvar sunnan 61° norðlægrar breiddar og austan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, að undanskildri Kristiansand S að viðbættum Nybergsund og Rena, með kerfum þeirra.

Gjaldsvæði B nær yfir talsímastöðvar milli 61° og 64° 30' norðlægrar breiddar og austan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, að undanskildum Nybergsund og Rena, en ásamt Rörvik, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði C 1 nær yfir talsímastöðvar sunnan 61° norðlægrar breiddar og vestan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt Kristiansand S, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði C 2 nær yfir talsímastöðvar norðan 61° norðlægrar breiddar og vestan 8° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði D 1 nær yfir talsímastöðvar milli 64° 30' og 68° norðlægrar breiddar, nema Rörvik, en að viðbætti Hamarsey, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði D 2 nær yfir talsímastöðvar norðan 68° norðlægrar breiddar að undanskildri Hamarsey, ásamt kerfum þeirra.

SVÍÞJÓÐ

Gjaldsvæði A nær yfir talsímastöðvar sunnan 57° 30' norðlægrar breiddar ásamt kerfum þeirra, þó að undanskildum stöðvunum á Gotlandi.

Gjaldsvæði B 1 nær yfir talsímastöðvar milli 57° 30' og 61° norðlægrar breiddar og vestan 15° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra.

Gjaldsvæði B 2 nær yfir talsímastöðvar milli 57° 30' og 61° norðlægrar breiddar og austan 15° austlægrar lengdar, miðað við Greenwich, ásamt kerfum þeirra, og stöðvarnar á Gotlandi.

Gjaldsvæði C nær yfir talsímastöðvar milli 61° og 64° 30' norðlægrar breiddar, ásamt Vilhelmina, með kerfum þeirra.

Gjaldsvæði D nær yfir aðrar talsímastöðvar og kerfi þeirra.

2. Í talsímaviðskiptunum við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð annars vegar og Ísland hins vegar er hvert landanna eitt gjaldsvæði.

12. gr.

Samsetning gjaldanna.

Gjaldhlutirnir, sem falla til hvers lands, eru ákveðnir með samningum milli símastjórna þeirra, er hlut eiga að máli, og eru þeir tilgreindir í fylgiskjöllum þessa samnings, sem 22. grein getur um.

13. gr.

Lággjaldatími.

Lækkuð gjöld gilda:

í viðskiptum milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á tímanum kl. 18 til kl. 9,

í viðskiptum milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Finnlands hins vegar á tímanum kl. 19 til kl. 8 (tími landsins, sem sendir).

14. gr.

Forgangssímtöl.

Í talsímaviðskiptunum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar er símgjaldið fyrir forgangssímtöl 5 sinnum símgjaldið fyrir venjulegt símtal, sömu tímalengdar, milli sömu stöðva og á sama tíma sólarhringsins.

15. gr.

Áskriftar-símtöl.

Símgjöld fyrir áskriftarsímtöl, sem pöntuð eru að minnsta kosti í heilan almanaksmánuð, og sem fara fram milli kl. 23 og kl. 7 og standa eigi skemur en 15 mínútur, eru þriðjungur gjaldsins fyrir venjulegt símtal með fullu verði.

16. gr.

Gjald fyrir boðsendingar út fyrir skeytaburðarsvæðið.

Gjaldið fyrir boðsendingar út fyrir skeytaburðarsvæðið er í talsímaviðskiptunum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar ákveðið það sama og fyrir kvaðningu fyrir fram, að viðbættum 0.50 gullfranka fyrir hvern km, talið frá símtöðinni, loftleið eða færa leið, eftir venju viðtökulandsins.

17. gr.

Umsímun simtala milli skandinavísku landanna í linubílunum eða þegar linukerfið er ofhlaðið.

Þegar símtöl milli tveggja hinna þriggja skandinavísku landa (Danmörk, Noregur og Svíþjóð), vegna línuslita eða ofhleðslu á hinum beinu samböndum milli þessara tveggja landa, eru með undantekningu afgreidd um þriðja landið, skal greiða umafgreiðslulandinu þóknun, sem nemur 0.40 gullfrönkum á hverja gjaldeiningu. Þóknunin greiðist að jöfnu af uppruna- og viðtökulandinu.

Fari slík umsímun fram um lengri tíma, er umafgreiðslulandinu þó heimilt að krefjast hærri umsímunargjalds.

IV. KAFLI

Ákvæði um loftskæti.

61

28. okt.

18. gr.

Gildi almennra alþjóðákvæða.

Loftskætavíðskiptum skal haga eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamþykktar um fjarskipti og reglugerða þeirra, er þar að lúta, að því undanskildu, sem getið er um í 19. gr. hér á eftir, og í fylgiskjöllum þeim, er 22. gr. ræðir um.

19. gr.

Um sendingu loftskæta.

Loftskætastöðvar í dönskum, finnskum, norskum eða sænskum skipum, mega senda til næstu strandarstöðvar heimalands skipsins þau loftskæti, sem til þess lands eiga að fara, ef þau nota tíðnir á sviðinu 415—525 krið/s, þó því aðeins:

að skipið sé að minnsta kosti 25 sjómíllur frá hverri annarri strandarstöð, þeirra er opnar eru til almennrar skætaþjónustu,

að skipið sé ekki fjær strandarstöðinni, sem sent er til, en einhverri annarri strandarstöð annars lands en Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, er opin er til almennrar skætaþjónustu,

að sendingu sé tafarlaust hætt, ef einhver strandarstöð, sem nær er, heimtar það, er víðskipti hennar truflast af sendingunni.

20. gr.

Gjöld fyrir radió-símtöl.

Radió-símtöl, sem fara milli danskra, finnskra, norskra eða sænskra skipa annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar hins vegar um strandarstöð í einu af þessum löndum, eru gjaldreiknuð samkvæmt neðanskráðum reglum:

1. Höfunum er skipt í þessi gjaldsvæði:

Gjaldsvæði 1 (strandarsvæðið) er svæði innan 150 sjómílna frá strönd hvers lands, þó þannig, að Eystrasalt ásamt Finnska flóanum og Botniska flóanum telst til strandarsvæða Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, og jafnframt teljast fiskibankarnir í Norðursjóðnum til strandarsvæða Danmerkur og Noregs, þegar um víðskipti við dönsk eða norsk fiskiskip er að ræða við heimaland sitt.

Gjaldsvæði 2 nær yfir svæðið utan strandarsvæðis hvers lands að línu dreginni milli Ouessant-Land End — vesturströnd Írlands — 10. lengdargráðu vestan Greenwich að 60. norðlægrar breiddargráðu og með þeirri breiddargráðu í vestur að suðurodda Grænlands.

Gjaldsvæði 3 nær yfir öll önnur höf.

2. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um strandarstöð í einu hinna áður nefndu landa frá eða til dönsku, finnsku, norsku eða sænsku skipi, sem er statt á strandarsvæði landsins, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 1.80 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu, en þó áskilur hvert landanna sér rétt til að lækka þetta gjald fyrir símtöl, sem afgreidd eru frá eða til skipa landsins um strandarstöðvar þess.

3. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um strandarstöð í og til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, til eða frá dönsku, norsku, finnsku eða sænsku skipi, sem er statt á 2. gjaldsvæði hlutaðeigandi lands, ásamt radiósímtali,

61
23. okt.

- sem afgreitt er milli slíkra skipa á strandarsvæði þess lands, sem strandarstöðin er í og einu hinna þriggja landanna, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 4.80 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.
4. Fyrir símtöl, sem afgreidd eru um og til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, til eða frá dönsku, finnsku, norsku eða sænsku skipi, sem er statt á 3. gjaldsvæði, er símtalagjaldið alls, strandar- og línugjaldið, 8.40 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.
 5. Fyrir hraðsímtöl er reiknað viðbótargjald, eins og fyrir símtöl er um getur í 2. lið, er ákveðið af hverju landi. Fyrir símtöl, eins og um getur í 3. og 4. lið, er viðbótargjaldið 2.40 gullfranki fyrir hverja gjaldeiningu.
 6. Símtöl til skipa skal ávallt biðja um sem venjuleg símtöl. Viðbótargjalds er ekki krafist vegna þessara símtalsbeiðna. Fyrir símtal frá skipum er viðbótargjaldið fyrir venjulegt símtal sama og gjaldið fyrir 1 mínútu (skips-, strandar- og línugjald).
 7. Með tilliti til reikningsskila skal farið með radiósímtöl, sem um getur í þessum kafla, eins og símtöl afgreidd milli strandarstöðvar og símtalsbeiðanda eða viðtökustöðvar eftir því sem við á. Fyrir símtöl frá landi til skips skuldfærir símamálastjórn þess lands, sem strandarstöðin er í, land símtalsbeiðanda fyrir öllu gjaldinu, að frádregnu línugjaldi landanna, sem símtalið var símað um.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Ráðstefnur.

Fulltrúar símastjórna ráðstefnu þeirrar, er að þessum samningi standa, skulu, nema öðruvísi sé um samið, koma saman á ráðstefnu ár hvert til þess að endurskoða eða fullkomna samninginn ásamt fylgiskjöllum hans, og til þess að taka til meðferðar önnur viðfangsefni fjarskiptanna, er varða löndin öll.

22. gr.

Sér samningar.

Fylgiskjöl þessa samnings eru sérsamningar, er símastjórnir hinna einstöku landa hafa gert í viðbót við þennan samning. Hverjum slíkum sérsamningi geta þær símastjórnir, er gerðu hann, breytt samkvæmt þeim fyrirmælum, sem í honum eru.

23. gr.

Gildistími samningsins.

Samningur þessi gengur í gildi 1. marz 1952.

Samtímis fellur úr gildi samningur frá júlí/nóvember 1946, um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gildir fyrst um sinn, og getur hver símastjórnin, sem hlut á að máli, sagt honum upp, og fellur hann þá úr gildi einu ári eftir uppsögnina.

Samningur þessi er gerður í fimm eintökum: einn á dönsku, einn á finnsku, einn á íslensku, einn á norsku og einn á sænsku, hver símastjórn heldur því ein-

taki, sem samið er á hennar máli, og lætur jafnframt hverri hinna símastjórnanna 61
í té afrit af því. 28. okt.

Köbenhavn, den 25. juli 1952.

GENERALDIREKTORATET FOR POST-
OG TELEGRAFVÆSENET

K. J. Jensen.

K. Lomholdt.

Helsingissä, 4/2 1952.

POSTI- JA LENNÄTINHALLITUS

S. J. Ahola.

Urho Talvitie.

Reykjavík, 20. febrúar 1952.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

G. J. Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Oslo, 12/6 1952.

TELEGRAFSTYRET

Sv. Rynning Tønnesen.

K. Larsen.

Stockholm, 18. januar 1952.

KUNGL. TELEGRAFSTYRELSEN

Håkan Sterky.

Artur Onnermark.

AUGLÝSING

62

28. okt.

um samning um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur,
Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.

Hinn 21. marz 1952 var undirritaður í Reykjavík fyrir Íslands hönd samningur um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar. Samningur þessi er viðbót nr. 7 við samning, er var undirritaður í Reykjavík 20. febrúar 1952 fyrir Íslands hönd, um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gekk í gildi 1. marz 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. október 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.